

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/2916
komudagur 22.6.2011

Reykjavík 22. júní 2011

Umsögn um "Tillögu til þingsályktunar um mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði" - Þskj 371– 307. Mál – 139. löggjafarþing 2010-2011

Samband garðyrkjubænda sendir hér með umsögn um mál nr. 371 um þingsályktunartillögu um mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði.

Samband garðyrkjubænda mælir með því að málið fái framgang og ályktunin samþykkt.

GREINAGERÐ


Innan Sambands garðyrkjubænda eru ræktendur hefðbundinnar garðyrkju við hlið bænda sem rækta lífrænar afurðir. Það hefður ávallt verið stefna SG að þessar framleiðsluaðferðir rúmist hlið við hlið þar sem neytendur hafi val við kaup á viðkomandi vöru.

SG tekur undir margt í greinagerð tillöguþlytjenda m.a. um að auka þurfi framboð á lífrænum vörum. Einnig er bent á í greinagerðinni að of skammur tími styrkja hefur verið í núverandi kerfi og bent á aðgerðir einstakra landa í Evrópu sem og Evrópusambandsins til að styðja til lengri tíma við breytingaferli frá hefðbundinni ræktun til lífrænnar.

Samkvæmt erlendum upplýsingum sem undirritaður hefur séð þá hefur neysla lífrænna afuðra aukist verulega og þó svo að sú eftirspurn minnkaði við hrun fjármálakerfisins 2008 þá hefur aukningin haldið áfram og hraðar en eftirspurn hefðbundinna vöru.

Samband garðyrkjubænda styður því þingsályktunartillöguna og gerir ekki athugasemdir við útfærslu eða upphæðir en áskilur sér rétt til að hafa skoðun á því síðar meir.

F. h. Sambands garðyrkjubænda



Bjarni Jónsson
framkvæmdastjóri